



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM VALDEFLINGU KENNARA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 beinir því til samninganefndar FG og skólamálanefndar FG að beita sér fyrir því að efla kennara í starfi.

Kennarar eru sérfræðingar og ber að koma fram við þá sem slíka.

Ein leið til að nálgast það markmið er að valdefla þá. Með valdeflingu er átt við raunveruleg völd til að taka ákvarðanir er varða starfið. Mikilvægt er að hlustað sé á kennara og leitað sé eftir þeirra sjónarmiðum á faglegum grundvelli.